

REGLUR

um farandsölu á Austur-Héraði.

1. gr.

Öllum er heimilt að stunda farandsölu á Austur-Héraði, enda fullnægi þeir skilyrðum laga nr. 28/1998 um verslunaratvinnu til að stunda slíka starfsemi og þeim skilyrðum sem sett eru í reglum þessum.

2. gr.

Aðili sem vill stunda farandsölu á Austur-Héraði, skal tilkynna til sveitarfélagsins um komu sína með sannanlegum hætti með minnst 3ja vikna fyrirvara. Í tilkynningunni skal koma fram:

- Nafn, kennitala og VSK númer rekstraraðila.
- Hvaða vörur viðkomandi hyggst selja. Hvar í sveitarfélaginu salan muni eiga sér stað.
- Hvenær aðili hyggst halda úti versluninni.

Með tilkynningunni skulu fylgja öll nauðsynleg gögn, þar á meðal staðfesting á skráningu rekstraraðila í firma- eða hlutafélagaskrá, eintak nafnspjalds skv. 2. mgr. 5. gr. laga nr. 28/1998 og upplýsingar um fasta starfsstöð og prókúruhafa. Sveitarstjórn getur látið stöðva farandsölu, komi í ljós að upplýsingar um rekstraraðila standast ekki eða ranglega hefur verið greint frá því við tilkynningu, hvaða vörur selja á.

3. gr.

Haldin skal skrá yfir þá aðila sem tilkynnt hafa komu sína með farandsölu. Skráin skal vera opinber og liggja frammi á skrifstofu sveitarfélagsins.

Sveitarfélagi er heimilt að synja aðila um leyfi til að stunda farandsölu á ákveðnum almennt viðurkenndum hátíðisdögum, svo sem frídegi verslunarmanna og helstu hátíðisdögum þjóðkirkjunnar. Synjunin skal vera skrifleg og rökstudd.

4. gr.

Að öllu jöfnu skulu engar húseignir í eigu eða umsjá Austur-Héraðs leigðar eða lánaðar undir starfsemi, er tengist farandsölu, nema með sérstöku samþykki bæjarráðs.

5. gr.

Reglur þessar taka gildi 1. apríl 2001.

Egilsstöðum, 6. mars 2001.

Bæjarstjóri Austur-Héraðs,

Björn Hafþór Guðmundsson.